Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100140/bs

**Stækkun hafnarinnar í Norðfirði - Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar eru ýmsar framkvæmdir að mestu innan núverandi hafnarsvæðis. Þó verður raskað um 20.000 $m^2$ af óhreyfðum sjávarbotni næst núverandi hafnargarði. Lækjarfarvegi verður breytt, en lækurinn rennur nú um raskað svæði. Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við færslu lækjarins. Framkvæmdin mun hvorki hafa áhrif á friðlýst svæði né svæði á náttúruminjaskrá. Efnistaka er áætlum um 22.000 $m^3$ og verður efnið tekið úr námu E5 á aðalskipulagsuppdrætti. Efni úr aflögðum görðum og dýpkunarefni verður nýtt í ný hafnarmannvirki.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að leita þarf leyfis stofnunarinnar vegna varps dýpkunarefnis í hafið sbr. lög nr. 33/2004.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Björn Stefánsson